

Akureyrarbær

Ársreikningur

2016

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
kt. 410169-6229

Akureyrarbær

Ársreikningur

2016

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7-8
Yfirlit um sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Akureyrarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 22.535 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 21.278 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 16.850 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 16.135 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,38% vegna íbúðarhúsnaðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnaðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 80 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 687 milljóna króna neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 340 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 629 milljónum króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 18.578 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 11.633 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 13.602 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 1.522 stöðugildum.

Ársreikningur Akureyrarbæjar fyrir árið 2016 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Akureyri 16. mars 2017.

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar staðfestir hér með ársreikning Akureyrarbæjar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Akureyri 4/4 2017.

Bæjarstjórn:

Áritun óháðra endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Akureyrbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Akureyrbæjar fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstremi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Akureyrbæjar á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álití

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Akureyrbæ í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi Akureyrbæjar árið 2016. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álití á honum. Í áritun okkar látzum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináhersla við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Lífeyrisskuldbindingar	
Eins og sjá má í skýringu númer 15 ríkir nokkur óvissa um fjárhæð lífeyrisskuldbindinga sveitarfélagsins.	
Annarsvegar er um að ræða að Akureyrbær er í bakábyrgðum fyrir öllum skuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrbæjar. Að mati sjóðsins og stjórnenda Akureyrbæjar hvílir verulegur hluti af skuldbindingum sjóðsins á öðrum aðilum en Akureyrbær og er þar einkum um að ræða opinbera aðila í eigu ríkisins og eru þeir að greiða viðbótarfamlög til að mæta þessum skuldbindingum. Ekki hefur verið gengið frá formlegum samningum um ábyrgð annarra aðila á þeim skuldbindingum sem taldar eru tilheyra þeim.	Við fórum yfir gögn sem Akureyrbær hefur fengið frá Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrbæjar um uppreikning á þessum skuldbindingum og upplýsingar frá tryggingastærðfræðingi sjóðsins yfir skiptingu á skuldbindingum sjóðsins niður á aðila. Staðfest var að þessir aðilar eru að greiða viðbótariðgjöld til að mæta sínum skuldbindingum. Við fórum yfir mat og niðurstöður tryggingastærðfræðings.
Hinsvegar er um að ræða að samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga og Lífeyrissjóði	Við fórum yfir þau gögn sem Akureyrbær hefur fengið frá þessum sjóðum um mögulegar fjárhæðir þessara skuldbindinga og mat stjórnenda bæjarins á því hversu stór hluti af þessum skuldbindingum tilheyri bænum. Við fórum

<p>hjúkrunarfræðinga telja þessir sjóðir að til staðar séu töluberðar skuldbindingar hjá þessum sjóðum sem tilheyri Akureyrarba. Veruleg óvissa rískir þó um fjárhæð þessara skuldbindinga.</p>	<p>yfir mat stjórnenda bæjarins á því hvaða áhrif uppgjör á þessum skuldbindingum gæti haft á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.</p> <p>Við fórum yfir skýringu númer 15 um lífeyrisskuldbindingar og staðfestum að gerð sé fullnægjandi grein fyrir þessu máli og þeirri óvissu sem rískir um niðurstöðu þess.</p>
---	--

Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Akureyrbæjar. Ef við á, skulu bæjarstjórn og bæjarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerdir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur

falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glögrar myndar.
- Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Akureyri, 4. apríl 2017

Deloitte ehf.

Aðalsteinn Sigurðsson
Aðalsteinn Sigurðsson

endurskoðandi

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2016

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2016	Áætlun	2015	2016	Áætlun	2015
Skatttekjur	10.123.032	9.920.000	9.184.774	10.026.273	9.855.000	9.117.761
Framlög jöfnunarsjóðs	2.819.725	2.664.874	2.597.295	2.819.725	2.664.874	2.597.295
Aðrar tekjur	<u>3.906.800</u>	<u>3.549.626</u>	<u>3.507.126</u>	<u>9.689.348</u>	<u>8.758.251</u>	<u>8.881.825</u>
	<u>3</u>	<u>16.849.557</u>	<u>16.134.500</u>	<u>15.289.195</u>	<u>22.535.346</u>	<u>21.278.125</u>
Laun og launatengd gjöld	4	(9.597.813)	(9.629.129)	(9.004.606)	(12.359.972)	(12.292.739)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	15	(1.139.770)	(300.000)	(476.017)	(1.242.528)	(332.300)
Annar rekstrarkostnaður		(5.456.359)	(5.308.387)	(5.244.107)	(6.647.471)	(6.510.201)
Afskriftir	7	(803.615)	(831.520)	(808.772)	(1.530.729)	(1.389.209)
		<u>(16.997.557)</u>	<u>(16.069.036)</u>	<u>(15.533.501)</u>	<u>(21.780.699)</u>	<u>(20.524.449)</u>
Rekstrarniðurst. án fjármuna- tekna og fjármagnsgjálda		(148.000)	65.464	(244.306)	754.647	753.676
Áhrif hlutdeildarfélaga	9	0	0	0	14.812	0
Fjármunat. og fjármagnsgjöld	5	(191.883)	(694.582)	(298.582)	(810.571)	(1.371.605)
		<u>(339.883)</u>	<u>(629.118)</u>	<u>(542.889)</u>	<u>(41.112)</u>	<u>(617.929)</u>
Tekjuskattur		0	0	0	(39.017)	(69.280)
		<u>(339.883)</u>	<u>(629.118)</u>	<u>(542.889)</u>	<u>(80.130)</u>	<u>(687.209)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>(339.883)</u>	<u>(629.118)</u>	<u>(542.889)</u>	<u>(80.130)</u>	<u>1.048.231</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir					
Viðskiptavild	8	0	0	68.159	75.334
Fasteignir og lóðir	7	20.565.635	20.454.283	22.750.421	22.516.721
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur	7	1.673.159	1.550.104	11.621.974	10.786.922
Vélar, áhöld og tæki	7	1.212.773	1.015.085	1.499.864	1.257.417
Leigðar eignir	7	217.597	263.816	217.597	263.816
Eignarhlutir í dótturfélögum	9	0	0	16.209	16.209
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	9	0	0	224.980	209.712
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	485.909	485.909	706.210	800.431
Langtímakröfur	11	63.935	69.931	15.364	17.285
		24.219.009	23.839.128	37.120.778	35.943.846
Veltufjármunir					
Birgðir		68.961	51.571	202.431	188.991
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	13	1.312.798	1.184.240	1.685.918	1.545.928
Næsta árs og gjaldf. afb af langtímakröfum	11	7.462	7.380	2.195	2.161
Kröfur á tengd félög		0	0	31.784	31.503
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		319.032	681.753	0	0
Aðrar skammtímakröfur		340.681	124.940	374.091	131.583
Markaðsverðbréf		0	0	391.968	380.372
Handbært fé		1.331.695	1.279.315	2.678.436	3.510.757
		3.380.628	3.329.199	5.366.823	5.791.295
Eignir		27.599.637	27.168.328	42.487.601	41.735.141

Eignir utan efnahagsreiknings

7

31. desember 2016

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Eigið fé	14				
Eiginfjárrrekningur		11.632.798	11.556.582	18.577.801	18.258.875
Eigið fé		<u>11.632.798</u>	<u>11.556.582</u>	<u>18.577.801</u>	<u>18.258.875</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbindingar	15	2.520.112	1.570.223	3.428.012	2.409.923
Skuldir við lánastofnanir	16	9.971.949	10.401.584	16.510.739	16.730.902
Leiguskuldir	17	436.217	487.650	436.217	487.650
Tekjuskattsskuldbinding	12	0	0	136.631	114.920
		<u>12.928.279</u>	<u>12.459.457</u>	<u>20.511.600</u>	<u>19.743.394</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		431.684	406.616	702.987	615.130
Skuldir við eigin fyrirtæki		539.316	463.909	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	548.018	589.633	714.499	975.062
Næsta árs afborganir leiguskulda	17	61.653	75.691	61.653	75.691
Fyrirfram innheimtar tekjur		152.326	135.022	152.326	135.022
Aðrar skammtímaskuldir		1.305.564	1.481.418	1.766.735	1.931.967
		<u>3.038.560</u>	<u>3.152.289</u>	<u>3.398.200</u>	<u>3.732.872</u>
Skuldir		<u>15.966.839</u>	<u>15.611.746</u>	<u>23.909.800</u>	<u>23.476.266</u>
Eigið fé og skuldir		<u>27.599.637</u>	<u>27.168.328</u>	<u>42.487.601</u>	<u>41.735.141</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
		2016	Áætlun	2015	2016	Áætlun	2015
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða ársins		(339.883)	(629.118)	(542.889)	(80.130)	(687.209)	1.048.231
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymí:							
Afskriftir	7	803.615	831.520	808.772	1.530.729	1.389.209	1.354.886
Hagnaður af sölu eigna		(10.241)	0	(1.400)	(11.175)	0	(7.000)
Söluh. eignarhl. í öðrum félögum		0	0	0	9.101	0	(728.847)
Verðb. og gengism. langtíðaliða		35.264	358.989	23.372	165.254	583.302	104.553
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga		0	0	0	(14.812)	0	(9.209)
Skatteign, breyting		0	0	0	21.681	69.885	29.576
Hækkuð skuldbindinga	15	949.889	0	331.686	1.018.089	0	403.486
Veltufé frá rekstri		<u>1.438.645</u>	<u>561.391</u>	<u>619.542</u>	<u>2.638.737</u>	<u>1.355.187</u>	<u>2.195.676</u>
Br. á rekstrart. eignum og skuldum		<u>(470.379)</u>	<u>3.769</u>	<u>176.130</u>	<u>(426.770)</u>	<u>4.163</u>	<u>280.043</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>968.265</u>	<u>565.160</u>	<u>795.671</u>	<u>2.211.967</u>	<u>1.359.350</u>	<u>2.475.719</u>
Fjárfestingahreyfingar							
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.		(936.827)	(1.301.000)	(447.264)	(2.381.938)	(3.181.700)	(1.799.948)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		173.675	0	0	20.678	0	16.950
Fjárf. í eignarhl. í hlutdeildarfél.		0	0	0	(12.368)	0	(12.083)
Seldir eignarhl. í öðrum félögum		0	0	0	85.121	0	666.222
Markaðsverðbréf		0	0	0	(11.596)	0	(31.082)
Langtímakröfur, breyting		7.453	7.497	11.400	1.921	1.921	691.175
Skammtímakröfur, breyting		(42.095)	0	(29.364)	(42.095)	0	(29.364)
		<u>(797.794)</u>	<u>(1.293.503)</u>	<u>(465.227)</u>	<u>(2.340.277)</u>	<u>(3.179.779)</u>	<u>(498.129)</u>
Fjármögnunarhreyfingar							
Arður til hluthafa		0	0	0	(5.132)	0	(2.199)
Tekin ný langtímalán		0	970.000	770.753	244.558	1.950.000	813.354
Afborganir langtímalána		(573.522)	(710.471)	(577.600)	(959.097)	(1.103.294)	(1.023.049)
Fyrirfram innh. tekjur, breyting		17.304	0	(75.426)	17.304	0	(75.426)
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting		438.127	56.858	(382.281)	(1.643)	105.975	(1.363)
Skammtímalán, breyting		0	0	0	0	338.409	0
		<u>(118.091)</u>	<u>316.387</u>	<u>(264.554)</u>	<u>(704.011)</u>	<u>1.291.090</u>	<u>(288.683)</u>
Hækkuð, (lækkun) handbærs fjár		52.380	(411.956)	65.890	(832.321)	(529.339)	1.688.906
Handbært fé í upphafi árs		1.279.315	1.279.316	1.213.425	3.510.757	3.510.758	1.821.850
Handbært fé í lok árs		<u>1.331.695</u>	<u>867.360</u>	<u>1.279.315</u>	<u>2.678.436</u>	<u>2.981.419</u>	<u>3.510.757</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnud með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð gatna, Fasteignir Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknað sem fjárhagslega sjálftæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Bifreiðastæðasjóður, Byggingarsjóður Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, Félagslegar íbúðir, Framkvæmdasjóður, Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, Hafnasamlag Norðurlands b.s., Norðurorka hf, Strætisvagnar Akureyrar og Öldrunarheimili Akureyrar.

Ársreikningur Akureyrarbæjar fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta.

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2016 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 22 í ársreikningnum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna Norðurorku hf. hefur verið endurmetinn sem og lóðir og lendur hjá Eignasjóði gatna. Á árinu 2016 kom í ljós skekkja í framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna ársins 2015 og hefur hún verið leiðrétt og samanburðarfjárhæðum ársins 2015 breytt til samræmis.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitasjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs gatna, Fasteigna Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitasjóðs og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur sveitarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2016. Á meðal þessara breytinga voru auknar kröfur um ófjárhagslega upplýsingagjöf í reikningsskilum aðila sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum en Akureyrarbær fellur þar undir. Í ljósi þess að umrætt ákvæði um ófjárhagslega upplýsingagjöf kom inn á miðju reikningsári 2016 og aðdragandi að innleiðingu og mótum stefnu um framkvæmd því skammur hefur Akureyrarbær ekki enn mótað formlega stefnu varðandi birtingu nefndra ófjárhagslegra upplýsinga en það verður gert með næsta ársreikningi sveitarfélagsins fyrir reikningsárið 2017.

Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Viðskiptavild er niðurfærð á tímum.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattigildi, svo sem löðarleiga. Útsvar er tekjfært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegrí álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjfærðar við álagningu þeirra. Til lakkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lakkunar á stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjfærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjfærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal annarra tekna/rekstrargjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Norðurorku hf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Skýringar

2. Reikningsskilaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur í Eignasjóði gatna og veitukerfi og fasteignir Norðurorku hf. eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganeftndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs gatna, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrilliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs gatna eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Veitukerfi og fasteignir Norðurorku hf. eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum, en endurmat var framkvæmt á árinu 2009. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlutu af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Í ársreikningnum eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Eignarhlutar í dótturfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeilda sveitarfélagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeilda í eigin fé við kaup. Yfirverð er fárt meðal viðskiptavildar og er niðurfært á tíu til tuttugu árum. Þar sem starfsemi dótturfélagsins Flokkun Eyjaförður ehf. er ólík starfsemi móðurfélagsins, Framkvæmdasjóðs, er ársreikningi þess halddið utan við ársreikning móðurfélagsins og ekki gerð samstæðureikningsskil.

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði eða dagverði sé það lægra.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársþyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegar úttektar í árslok 2016. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skyld að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við 5% ávöxtunarkröfu.

Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Engar verulegar ábyrgðir eða skuldbindingar utan efnahagsreiknings eru til staðar hjá sveitarfélaginu aðrar en þær sem getið er um í skýringu nr. 15 varðandi lífeyrisskuldbindingar.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2016	Fjárhags- áætlun 2016	2016	Fjárhags- áætlun 2016
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Útsvör.....	8.689.771	8.500.000	8.689.771	8.500.000
Fasteignaskattar.....	1.433.261	1.420.000	1.336.502	1.355.000
	<u>10.123.032</u>	<u>9.920.000</u>	<u>10.026.273</u>	<u>9.855.000</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Framlag vegna fasteignagjalta.....	228.438	340.375	228.438	340.375
Þjónustuframlag.....	273.157	220.000	273.157	220.000
Framlög vegna grunnskóla.....	670.922	614.405	670.922	614.405
Framlög vegna þjónustu við fatlaða.....	1.555.442	1.401.874	1.555.442	1.401.874
Önnur framlög.....	91.766	88.220	91.766	88.220
	<u>2.819.725</u>	<u>2.664.874</u>	<u>2.819.725</u>	<u>2.664.874</u>
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	1.400.764	1.405.606	5.021.017	4.808.244
Eignatekjur.....	915.386	813.767	1.164.326	979.431
Endurgreiðslur.....	1.370.353	1.113.158	3.261.929	2.747.916
Aðrar tekjur.....	220.296	217.095	242.077	222.659
	<u>3.906.800</u>	<u>3.549.626</u>	<u>9.689.348</u>	<u>8.758.251</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>16.849.557</u>	<u>16.134.500</u>	<u>22.535.346</u>	<u>21.278.125</u>

Álagningarhlutföll

Útsvar.....	14,52%
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnaði.....	0,38%
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnaði	1,65%

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti	Fjárhags-	A og B hluti	Fjárhags-
	2016	áætlun 2016	2016	áætlun 2016
Laun.....	7.620.074	7.683.598	9.867.694	9.822.299
Launatengd gjöld.....	1.977.739	1.945.531	2.579.090	2.470.440
Eignfærð laun.....	0	0	(86.812)	0
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>9.597.813</u>	<u>9.629.129</u>	<u>12.359.972</u>	<u>12.292.739</u>
Stöðugildi að meðaltali 2016.....	1.205		1.522	
Stöðugildi að meðaltali 2015.....	1.209		1.525	

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 46,7 milljónum króna á árinu 2016 en námu 40,9 milljónum á árinu 2015.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	A hluti	Fjárhags-	A og B hluti	Fjárhags-
	2016	áætlun 2016	2016	áætlun 2016
Vaxtatekjur	83.848	40.000	199.735	85.000
Arður af eignarhlutum	325.548	254.175	36.922	15.000
Vaxtagjöld	(528.373)	(575.000)	(782.774)	(973.605)
Verðbætur og gengismunur	(118.347)	(425.757)	(262.276)	(500.000)
Vaxtatekjur frá tengdum félögum	38.519	10.000	0	0
Söluhagnaður og verðbreytingar hlutabréfa	0	0	(9.101)	0
Eignfærðir vextir og verðbætur vegna framkvæmda	6.923	2.000	6.923	2.000
	<u>(191.883)</u>	<u>(694.582)</u>	<u>(810.571)</u>	<u>(1.371.605)</u>

Skýringar

6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

